

**Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 21. júní 2017, kl 20.30, á skrifstofu FV, Ísafirði.**

Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Áslaug Guttormsdóttir, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Formaður kynnti að Jón Örn Pálsson hefði boðað forföll og í hans stað sæti fundinn Áslaug Guttormsdóttir. Hann kynnti að boðaður fundartími hefði miðast við áætlunarflug og ætlun hefði verið að ráðgjafar Capacent sætu fundinn. Flugri hefði hinsvegar verið aflýst og fundurinn yrði því í síma með þeim ráðgjöfum.

Dagskrá fundarins samkvæmt fundarboði þann 20. júní s.l.

1. Fundargerð stjórnarfundar 19. maí 2017
2. Vestfjarðastofa. Framtíðarsýn og stofnskrá.
3. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, 22. júní 2017
4. Fundargerð samgöngunefndar FV 16. júní 2017
5. Lokun útibús sýslumannsins á Vestfjörðum í Bolungarvík
6. Boð á málþing Arfleið Árneshrepps, 24. og 25. júní 2017.
7. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2016
8. Staða verkefna samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum (Vestfjarðanefnd 2016)
9. Umsögn til Alþingis. Frumvarp til laga um haf og strandsvæðaskipulag
10. Önnur mál.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 19. maí 2017  
Fundargerð stjórnarfundar 19. maí lögð fram til staðfestingar. Fundargerð borin upp og staðfest. Áslaug situr hjá við afgreiðslu þar sem hún sat ekki fundinn.

Mættir til fundar Arnar Jónsson og Róbert Ragnarsson, ráðgjafar Capacent í fjarfundi.

2. Vestfjarðastofa. Framtíðarsýn og stofnskrá.  
Arnar og Róbert kynntu; drög að stofnskrá Vestfjarðastofu, drög að tillögu á breytingu á samþykktum FV í samræmi við stofnskrá, drög að skipuriti og framtíðarsýn Vestfjarðastofu og minnisblað um framkvæmdaratriði næstu vikna.

Rætt um efni máls og ráðgjöfum falið að vinna að málinu í ljósi umræðu. Formaður bar upp tillögu ráðgjafa Capacent

*Skipaður verði fimm manna undirbúningsstjórn sem beri formlega ábyrgð á stofnun Vestfjarðastofu, undirbúi samninga við hluthafa í AtVest, aðra samninga eftir atvikum og undirbúi ráðningu framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu. Lagt er til að auk framkvæmdastjóra FV/AtVest og formanna stjórna FV og AtVest taki einn fulltrúi atvinnulífsins og einn fulltrúi starfsmanna sæti í undirbúningsstjórninni. Ráðgjafar Capacent styðja undirbúningsstjórnina eftir fönngum og miðli því efni sem aflað hefur verið og riti drög að samningum og öðrum skjölum eftir þörfum*

Tillagan samþykkt.

Fram kom að Arnar og Róbert munu kynna framangreind skjöl kynningarfundu sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur boðað til 22. júní n.k. á Ísafirði. Í framhaldi kynningarfundar verður haldinn aðalfundur félagsins fyrir árið 2016.

Arnar og Róbert viku af fundi kl 22.30.

3. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, 22. júní 2017
  - a. Lagt fram bréf dags 15. júní 2017 frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hf, þar sem boðað er til aðalfundar félagsins fimmtudaginn 22. júní kl 13.30, á Hótel Ísafirði, Ísafirði. Dagskrá er samkvæmt samþykktum félagsins.
  - b. Lagður fram til kynningar ársreikningur félagsins fyrir árið 2016.
  - c. Lögð fram tillaga um að formaður stjórnar Pétur G Markan fari með atkvæðisrétt Fjórðungssambands Vestfirðinga á aðalfundi félagsins. Tillagan samþykkt.
  - d. Rætt um tilnefningu í stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða að hálfu FV með hliðsjón af atkvæðavægi FV (34,24 %). Samþykkt að tilnefna þau; Ingu Maríu Guðmundsdóttur, Ísafirði, Magnús Jónsson, Patreksfirði og Andreu K Jónsdóttur, Hólmavík. Í varastjórn Pétur Markan, Súðavík, Ásgeir Sveinsson, Patreksfirði og Kristján Andra Guðjónsson, Ísafirði. Um er að ræða sömu fulltrúa og á síðasta ári að því undanskildu að Ásgeir Sveinsson, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð komi inn í varastjórn í stað Ásu Dóru Finnbogadóttur. Tillagan samþykkt.
  
4. Fundargerð samgöngunefndar FV 16. júní 2017  
Lögð fram fundargerð samgöngunefndar FV frá 16. júní s.l..  
Sigurður Hreinsson, formaður nefndarinnar fór yfir efni fundargerðarinnar.
  - a. Samningar við Vegagerðina við landshlutasamtök sveitarfélaga.  
Eftirfarandi bókun var gerð.  
*Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum um stöðu mála hjá öðrum landshlutasamtökum sem sjá um almenningsamgöngur, og hvort almennur áhugi er í öðrum landshlutum um framhald verkefnisins, áður en ákvörðun verður tekin um endurnýjun samningsins*  
  
Kynnt var að á hluthafafundi NVB ehf þann 19. júní 2017 verði staðfest aðild FV að félaginu í samræmi við samþykkt stjórnar FV frá 24. janúar 2017.
  
  - b. Almenningsamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum.  
Kynnt að FV hafi fengið úthlutað kr 7.000.000,- til þróunarverkefnis „Almenningsamgöngur á milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals. Sótt var um verkefnið í samráði við Vesturbyggð en verkefnið fékk úthlutað kr 5.000.000,- á síðasta ári.  
*Nefndin samþykkir að unnið verði áfram að þessu verkefni og að styrkurinn renni til framkvæmdaraðila verkefnisins. Nefndin vísar því til framkvæmdastjóra að starfsmenn FV verði Vesturbyggð innan handar við vinnu að nýju útboði, líkt og óskað hefur verið eftir.*  
Formaður gerði tillögu um að stjórn FV staðfesti tillögu samgöngunefndar  
Tillagan samþykkt.

- c. Almenningsamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum.  
Kynnt að verktaki í akstri á sérleyfi FV, Bolungarvík – Ísafjörður og Bolungarvík – Ísafjarðarflugvöllur hafi hug að hætta akstri og óskar viðræðna um málið en samningur um akstur rennur út í árslok 2018. Eftirfarandi var bókað.

*Nefndin telur að í ljósi nýtilkominnar frístundarrútu milli Ísafjaðrar og Bolungarvíkur, sé rétt að sveitarfélögin tvö fái að gera athugasemdir við áformin, áður en hægt er að gefa ákveðið svar til sérleyfishafans. Nefndin felur starfsmönnum FV að boða til fundar með bæjarstjórum og senda nefndinni frekari upplýsingar eftir fundinn.*

- d. Önnur mál.

- Kynnt að hafin er lagning ljósleiðara í Reykhólahreppi
- Kynnt staða í vinnu starfshóps um leiðaval á Dynjandisheiði en starfshópurinn hefur skilað skýrslu til ráðherra.
- Rædd staða undirbúnings vegaf framkvæmda á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit.
- Nefndin vísar til stjórnar FV að óska eftir fundi stjórnar og samgöngunefndar FV með sveitarstjórn Reykhólahrepps um undirbúning framkvæmdaleyfis vegna Vestfjarðavegar 60 í Reykhólasveit.  
Formaður gerði tillögu um að leita eftir slíkum fundi og felur framkvæmdastjóra að finna hentuga dagsetningu.  
*Tillagan samþykkt*

5. Lokun útibús sýslumannsins á Vestfjörðum í Bolungarvík  
Framkvæmdastjóri óskar staðfestingu á afgreiðslu milli stjórnarfundar á bréfi FV dags. 1. júní 2017, til Sigríðar Á Andersen, dómismálaráðherra, þar sem mótmælt er lokun útibús Sýslumannsins í Bolungarvík.  
*Stjórn staðfestir framangreint erindi.*

6. Boð á málþing Arfleið Árneshrepps, 24. og 25. júní 2017.  
Lagt fram boð á málþing áhugahóps Arfleið Árneshrepps, sem barst með tölvupósti þann 10. júní s.l.. Málþingið verður haldið í Félagsheimilinu Ánesi í Trékyllisvík. Stjórn felur framkvæmdastjóri að sækja fundinn ásamt menningarfulltrúa og flytja þar erindi um stefnumörkun í atvinnu og byggðamálum á Vestfjörðum.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu efni íbúafings í Árneshreppi 12. og 13. júní s.l. sem FV stóð að í samstarfi við sveitarfélagið og Byggðastofnun vegna umsóknar um í verkefnið Brothættar byggðir. Fundargerð fundarins mun berast síðar í mánuðinum en drög að niðurstöðum liggja fyrir. Framkvæmdastjóri kynnti að efni íbúafings verði lagt til grundvallar í erindi FV.

7. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2016  
Lagt fram til kynningar ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2016, útgefin í maí s.l.. Í skýrslunni er farið yfir rekstur á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og helstu verkefni. Í skýrslunni er lýst áhyggjum af þróun heilbrigðiseftirlits í landinu þar sem sífellt er dregið úr vægi starfssemi í héraði.

Formaður gerðir tillögu af eftirfarandi bókun.

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir áhyggjum af tilfærslu á verkefna heilbrigðisnefnda sveitarfélaga til ríkisstofnana. Mikilvægt er í þessu sambandi að nú við þinglok var horfið var frá tillögum um breytingar á málaflöknum, en þess í stað verði unnin nánari greining á verkaskiptingu. Vísað er hér til nefndarálits umhverfis og samgöngunefndar Alþingis við frumvarp til breytinga á lögum um hollustuvernd og mengunarvarnir, mál 376, 146. löggjafarþing..*

*Stjórn FV hvetur umhverfisráðuneyti að nýta þetta tækifæri til aukins samráðs með sveitarfélögum um framtíðarfyrirkomulag í málaflöknum með í huga að efla starfsemi heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.*

Tillagan samþykkt.

8. Staða verkefna samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum (Vestfjarðanefnd 2016)  
Lagt fram að nýju minnisblað forsætisráðuneytis frá stjórnarfundum FV frá 19. maí s.l. um stöðu verkefna sem sett eru fram í skýrslu „Vestfjarðanefndar 2016“. Stjórn FV lýsir miklum vonbrigðum með svör ráðuneyta. Framkvæmdastjóri kynnti að FV hafi verið boðið á fund Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál þann 18. ágúst n.k. til að ræða stöðu mála.
9. Umsögn til Alþingis. Frumvarp til laga um haf og strandsvæðaskipulag  
Lögð fram til kynningar drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Stjórn tekur undir álit Sambandsins en leggur áherslu á að skipulagsmál strandsvæða verði hjá sveitarfélögum og vísar þar til bréfs 12 sveitarfélaga til umhverfisráðherra frá 26. apríl s.l.. Framkvæmdastjóra falið að rita umsögn og senda Alþingi.
10. Önnur mál.  
Enginn önnur mál komu fram og fundi slitið kl 23.15

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri